

Fundargerð

Fundur í skólanefnd 15. nóvember 2018

Mætt eru; Helga Kristín Björgólfsdóttir, Viktor Elvar Viktorsson, Ellert Jón Björnsson, Ingþór B. Þórhallsson, Guðjón Snær Magnússon formaður NFFA, Ágústa Elín Ingþórsdóttir skólameistari FVA, Þórdís Þórisdóttir, Úrsúla Ásgrímsdóttir fulltrúi foreldra, Gyða Bentsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Lind fjármálastjóri FVA, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Stefna skólans til þriggja ára

Fjármál

Önnur mál

Í upphafi fundar var Viktor Elvar Viktorsson kosinn formaður skólanefndar.

Stefna skólans til þriggja ára

Ágústa fór yfir stefnu skólans til þriggja ára. Hún fór yfir markmiðin og aðgerðir þeim tengdum. Umræða var um fjölbreytta kennsluhætti. Rætt um aðsókn og aðbúnað í verknáminu. Rætt um list- og frumkvöðlamennt. Rætt um endurmenntun kennara.

Fjármál

Guðrún Lind Gísladóttir sagði frá að gjaldskrá er óbreytt frá síðasta ári þar sem skólanefnd var ekki starfandi í vor. Hún dreifði rekstraryfirlit fyrir árið 2017 til fundarmanna og fór yfir helstu tölur. Farið var yfir breytingar sem verða milli árána 2017 og 2018. Skólinn hefur greitt upp skuld sína við ríkissjóð og á núna varasjóð. Sagt var frá að fyrir dyrum stæði mikið af eignakaupum m.a. vegna endurnýjunar tækja í verknámi. Guðrún Lind sagði frá 6 mánaða uppgjöri og hvernig staðan er í dag. Spurt var um liðinn sérfræðikostnað, þar kemur m.a. fram skólahjúkrun, afreksíþróttasvið og fl. Fram kom að afskriftir af eignakaupum er nýtt í rekstraryfirliti skólans.

Önnur mál

Sjálfsmatsskýrsla fyrir 2018 var kynnt fyrir fundarmönnum.

Rætt um símanotkun nemenda.

Ágústa sagði frá þörf rafiðngreinadeildar fyrir rýmra húsnæði og óskum og endurnýjun á efri hæð í málmiðngreinahúsi til nota fyrir skapandi starf og frumkvöðlamennt. Gera þarf þarfagreiningu fyrir rafiðngreinadeild fyrir aukið húsnæði. Möguleiki getur verið á að sameina stækkun á rafiðngreinum og rými fyrir skapandi starf.

Rætt hefur verið um að 10. bekkur fái húsnæði í FVA. Sækja á um þróunarstyrk til að vinna það mál áfram.

Ágústa sagði frá væntanlegri viðveruskráningu fyrir aðra starfsmenn en kennara.

Rætt um framkvæmd og tíðni starfsmannasamtala.

Stefnt er á næsta fund um miðjan janúar.

Spurt var um markaðssetningu skólans, í svari kom fram að farið er í alla grunnskóla á Vesturlandi á vorönnum. Í FVA er kynningadagur fyrir nemendur í 10. bekk á vorönn. Tæknimessan er annað hvert

ár, kynning á framhaldsskólunum í Laugardalshöll annað hvert ár. Rætt um auglýsingagildi leiksýningar NFFA.